

Nemandahestur fyrir fyrsta árið í „Þjálfun reiðhestsins I-II“

Sem lokaverkefni á 1. ári á nemandinn að sýna vel þjálfaðan klárhest

Hesturinn

Nemandinn kemur með hestinn með sér í október á 1.önn og ætlast er til að hann haldi áfram á vorönn. Hesturinn skal vera a.m.k. á 7. vetri og helst ekki eldri en 14 vetra. Mælt er með að þyngd nemandans sé ekki meira en 30% af þyngd hestsins. Hesturinn skal vera heilbrigðisskoðaður, varast skal að koma með hest með sjúkrasögu af álagsmeiðslum.

Gangtegundir og gæði

Ráðlagt er að þekkja nemandahest sinn vel og ekki verra ef nemandi hefur keppt á honum, t.d. í tölti eða fjórgangi. Mikilvægt er að hesturinn hafi góðar grunnangtegundir (fet, brokk, stökk) ásamt taktgóðu tölti. Æskilegt er að engin gangtegund sé mjög léleg og að ekki sé alvarlegur mistyrkur til staðar hjá hestinum (t.d. að hann geti ekki stokkið bæði hægra og vinstra stökk).

Þjálfunarstig

Hesturinn skal vera vel taminn með grundvallaratriðin í lagi, þ.e. spennulaus, stefnufastur, taktgóður, sveigjanlegur. Hann kunni grunnábendingar og fimiæfingar, t.d. sniðgang, framfótasnúning og krossgang. Miða má tamningastig við knapamerki 5. Nemandinn verður að geta sýnt allar gangtegundir (nema skeið) á hestinum.

Geðslag

Hesturinn má ekki vera með hegðunarvandamál, svo sem slægð, leti, rokur, tungubasl, hrekki, kergju, spennu eða hræðsluköst. Hann verður að vera rólegur í umgengni og samstarfsfús. Ekki má koma með hesta, sem haldnir eru húslöstum (t.d. ropara eða vefara) í námið. Spenntir eða viðkvæmir hestar reynast oft ekki vel.

Myndskeið (myndband) og mat

Til þess að hjálpa nemandanum að velja sér heppilegan hest, sem mun reynast vel í náminu á hann að senda inn myndband af tilvonandi nemandahesti. Nýnemar sendi myndskeið með hestinum til umsjónarkennara „Þjálfun reiðhestsins I“ til að fá bráðabirgðamat á hann, ekki seinna enn við upphaf haustannar. Einnig er hægt að senda myndskeiðið áður en kennsla hefst (sumarið fyrir upphaf náms), til mette@holar.is eða Mette Mannseth, Þúfum, 566, Hofsós.

Til athugunar, varðandi myndskeiðið :

- Nemandinn á sjálfur að vera knapi á hestinum
- Skilið einungis myndskeiði með einum hesti
- Ekki hafa tónlist undir myndskeiðinu

- Góð myndataka og sem mest myndgæði, svo betur sé unnt að leggja mat á hestinn
- Upplýsingar sem verða að fylgja:
 - Nafn nemandans og netfang
 - Nafn hestsins og IS-númer
 - Keppnisárangur, ef til staðar
- Sýna skal:
 - Allar gangtegundir nema skeið (þ.m.t. hægra og vinstra stökk), einkum á beinum en einnig á beygðum sporum
 - Þá getu sem hesturinn býr yfir (t.d. greitt tölt/brokk)
 - Þær fimiæfingar sem hesturinn kann.

Mikilvægt er að ganga sem fyrst frá þessu til að geta mætt með heppilegan hest strax í upphafi námskeiðsins, og tefjast ekki í náminu.

Skil á myndskaiðinu/myndbandinu

Skila má upptökunni á geisladiski eða minnislykli, eða sem slóð á YouTube eða Vimeo (eða sambærilegum veitum). Ath. að gefinn sé kostur á fullnægjandi myndgæðum.

Nemandinn fær svar við mati kennara á hestinum á fyrstu vikum haustannar, eða fyrr hafi myndskaiði verið skilað snemma.

Nemandahesturinn er námsgagn nemandans og mun hafa áhrif á námsframvindu hans. Mikilvægt er að nemandinn komi með eins góðan hest og mögulegt er.

Koma hestanna í Hóla

Hestarnir eiga að koma í góðu líkamlegu ástandi (holdamat 3-3,5), á járnum og í þjálfun, þegar námskeiðið hefst í október. Sé um það að ræða að hestur komi fyrr, þarf að semja um hesthúspláss við bústjóra.

Nauðsynlegt er að fylgjast vel með hestunum í ágúst/september, ef þeir eru á útigangi.

Kveðja, Mette Mannseth, yfirreiðkennari